

Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um eftirlitsstjórnvöld/eftirlitsaðila.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða ríkisstofnanir, sem heyra undir ráðherra, gegna hlutverki eftirlitsstjórnvalda/eftirlitsaðila? Svar óskast sundurliðað eftir málaflokkum og tegundum eftirlits.
2. Telur ráðherra þörf á því að yfirfara athugunar- og rannsóknarheimildir með það fyrir augum að samræma og bæta efni þeirra? Ef svo er, hvaða atriði eða þætti þyrfti að samræma eða bæta?
3. Telur ráðherra þörf á að samræma og bæta framkvæmd eftirlits af hálfu eftirlitsstjórnvalda/eftirlitsaðila betur en nú er? Ef svo er, hvaða atriði eða þætti þyrfti helst að samræma eða bæta?
4. Hafa einhver mistök átt sér stað við framkvæmd eftirlitsstjórnvalda/eftirlitsaðila síðustu ár? Ef svo er, hvers konar mistök var þá um að ræða?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Í dómi héraðsdóms Reykjavíkur frá 30. september 2013, í máli nr. E-2565/2012, var ógiltur úrskurður úrskurðarnefndar um ólögmetan sjávarafla skv. 6. gr. laga nr. 37/1992. Almenn t hefur framkvæmd athugana og rannsókna af hálfu eftirlitsstjórnvalda/eftirlitsaðila verið nokkuð til umræðu að undanfögnu.